

Aðalfundur

Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði

Haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 10. mars 2017

Mættir 45

1.	Setning aðalfundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara. Jens Pétur Jóhannsson formaður SART setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, hann bar upp tillögu um Lárusi A. Jónssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófaklappi, síðan stakk upp á Ásbirni Jóhannessyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófaklappi. Lárus tók við fundarstjórn, hann kannaði lögmati fundarboðs og voru engar athugasemdir gerðar við það, fundurinn telst því löglegur.
	Skýrsla stjórnar SART 2016-2017 Jens Pétur Jóhannsson, formaður Fundarstjóri, ágætu félagar Ég vil byrja þessa skýrslu mína á að minnst látinna félaga. Ólafur Bragi Jónsson fæddist 5. maí 1928 á Eskifirði. Hann nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík og lauk sveinsprófi árið 1948. Hann starfaði hjá föður sínum Jónasi Magnússyni í fimm ár og eftir það við eigin rafverktakarekstur. Ólafur andaðist þann 25. júní 2016 Gunnar Guðmundsson , fæddist 10. september 1923 á Auðunnarstöðum í Vestur Húnavatnssýslu. Hann nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík og lauk sveinsprófi árið 1949, hlaut meistarabréf og landslöggingingu árið 1954. Hann hóf eigin rafverktakarekstur árið 1953 og stofnaði raftækjaverslunina Rafbúð í Dómus Medica 1966. Hann sat í stjórn Landssambands íslenskra rafverktaka frá 1962 til 1972, þar af formaður frá 1964. Hann var í stjórn FLR frá 1973 til 1984, þar af formaður frá 1974 og heiðursfélagi árið 1994. Gunnar andaðist þann 28. Júlí 2016 Tryggvi Þór Jónsson fæddist 19. október 1934 að Búðum í Fáskrúðsfirði. Tryggvi lærði rafvirkjun og starfaði lengst af sem sjálfstæður rafverktaki í fyrirtæki sínu Raflandi sf. Tryggvi tók virkan þátt í félagsstarfi rafverktaka. Hann sat í stjórnnum Félags löggiltra rafverktaka og Landssambands íslenskra rafverktaka og var formaður sambandsins árið 1996-1997. Tryggvi andaðist þann 19. ágúst 2016 Björgvin Kristófersson fæddist 20. mars 1928 í Reykjavík. Hann nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík og lauk sveinsprófi árið 1948. Björgvin hlaut meistarabréf, lands-löggildinguna og síðan rafverktakaleyfi árið 1960 og

starfaði sjálfstætt frá þeim tíma við lyftu-uppsetningar og viðgerðir. Björgvin andaðist þann 17. September 2016

Sverrir Helgason fæddist á Ísafirði 3. ágúst árið 1937. Hann nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík og lauk sveinsprófi árið 1975. Hann stofnaði fyrirtækið Hitastýringu hf. árið 1977 sem Helgi, sonur hans, rekur í dag ásamt fleiri fyrrverandi samstarfsmönnum Sverris. Sverrir andaðist á líknardeild Landsspítalans þann 6. desember 2016

Vil ég biðja fundarmenn að minnast þeirra félaga með því að rísa úr sætum.

Fundir

Á starfsárinu hafa verið haldnir 3 stjórnarfundir og 5 fundir í framkvæmdastjórn. Þá hafa verið haldnir félagsfundir og aðalfundir í aðildarfélögum SART þar sem m.a. voru kynnt ný myndbönd um framleiðni. Sá sem hér talar hefur jafnframt sótt stjórnarfundir hjá SA og Lárus Andri Jónsson stjórnarfundir hjá SI. Ég tel það mark um sterka stöðu SART innan þessara samtaka, að við skulum eiga stjórnarmenn í báðum þessum lykil-félögum. Þá hefur undirritaður sótt fundir Meistaradeildar SI og Lárus fundir Mannvirkjaráðs SI.

Nýjir félagar

Frá síðasta aðalfundi hafa sex rafverktaka fyrirtæki bæst í hópinn. Þá er gaman að geta þess, að frá upphafi árs 2012 þegar við SART gekk í Samtök iðnaðarins hafa 41 fyrirtæki í rafiðnaði gengið til liðs við samtökin

Myndbönd um framleiðni

Að frumkvæði SART létu Samtök iðnaðarins framleiða þrjú myndbönd sem taka á málefnum framleiðni en framleiðni er eitt af stefnumálum samtakanna. Aukin framleiðni er grunnur að verðmætasköpun og því mikilvægt að bæta stöðugt framleiðni í öllum atvinnugreinum. Aukin framleiðni er oft á tíðum mikilvægari en aukin umsvif, því það er ekki sjálfgefið að góð verkefnastaða skili betri afkomu. Hafa þarf í huga að þó ástandið á vinnumarkaðnum sé gott um þessar mundir þá getur kostnaður oft orðið hlutfallslega hærri með auknum umsvifum. Myndböndin hafa verið kynnt á fundum SART og aðildarfélaganna og þau er einnig hægt að nálgast á vef samtaka iðnaðarins og á *Youtube*.

Rafræn námsgögn fjármögnuð af Menntasjóði rafiðnaðarins

Samtök atvinnurekenda og launþega í rafiðnaði hafa lengi haft náið samstarf um menntun rafiðnaðarmanna, bæði grunnmenntun og endur- og símenntun. Sú starfsemi er fjármögnuð af Menntasjóði rafiðnaðarins sem hefur tekjur af kjarasamningabundnu menntagjaldi en helstu framkvæmdaðilar eru Rafiðnaðarskólinn og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins.

Fyrir nokkrum árum hóf Menntasjóður rafiðnaðarins að fjármagna gerð námsgagna á rafrænu formi fyrir nemendur grunndeilda rafiðna, þeim að kostnaðarlausu, og er nú til mikið af kennsluefni á rafrænu formi á vefnum www.rafbok.is. Nýlega ákváðu samtökin að gera enn betur og gefa öllum nemum spjaldtölvu sem eru í grunndeildum rafiðna, í iðnnámi í dagdeildum eða kvöldskóla, sem og dreifinámsnemum og afhentu samtökin á haustdögum alls um 800 tölur.

Tilgangur gjafarinnar er að tryggja að nemarnir geti nýtt sér það mikla úrval af kennsluefni sem er í boði á rafrænu formi og stuðla að betri námsárangri og fjölgun nemenda í þessum greinum en mikil vöntun er á rafiðnaðarmönnum á Íslandi.

„Það er von okkar að með þessum stuðningi sækist nemum í rafiðngreinum námið betur, námsárangur verði betri og nemendum fjölgi, en talið er að það vanti um tvö hundruð nýja starfsmenn með rafiðnaðarmenntun á vinnu- markaðinn á ári hverju til að viðhalda þörf markaðarins.

Vilji er til að halda áfram á sömu braut og munu þá allir sem hefja nám í rafiðngreinum fá afhenta spjaldtölvu að gjöf.

Ljósleiðaralagnir og slæm vinnubrögð

Talsverð umræða kom upp á árinu um slæman frágang og umgengni, þegar verið var að leggja ljósleiðara með raflögnum. Félagsmenn SART tilkynntu nokkur tilvik til skrifstofunnar og eitt versta dæmið sem þar kom fram, var að jarðbinding að íbúð í fjölbýli hafði verið rofin og mátti engu muna að þar yrði slys. Mannvirkjastofnun sá sig knúna til að senda út orðsendingu vegna málsins sem hljómaði svo:

Af gefnu tilefni vill Mannvirkjastofnun taka fram eftirfarandi:

“Eingöngu löggiltir rafverktakar mega taka að sér að leggja ljósleiðaralagnir með raflögnum og skulu þær tilkynntar til Mannvirkjastofnunar að verki loknu. Tryggja þarf að allur frágangur sé faglegur og raflagnir verði ekki fyrir skemmdum eða öryggi þeirra á einhvern hátt minna eftir lagningu ljósleiðarans. Tryggt skal að eingöngu sé notað viðurkennt lagnaefni sem af framleiðanda er ætlað til þeirra nota sem hér er um rætt”.

ÍST 151:2016 Fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði

Í ljósi þessarar umræðu, var það fagnaðarefni að staðallinn ÍST 151:2016 *Fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði* tók gildi þann 15. desember sl. Hann er saminn fyrir hönnuði, verktaka, kaupendur og seljendur íbúðarhúsnæðis til að húsnæðið uppfylli nútímalegar kröfur. Þetta á við um nýbyggingar, endurnýjun fjarskiptalagna og búnaðar í eldri húsum og viðhald. Staðallinn fjallar bæði um hönnun, efnisval, handverk og skil á verki.

Meginmarkmiðið með staðlinum er m.a. að:

Kaupandi- og eða notandi fjarskiptakerfa eigi kost á fjarskipaþjónustu í samræmi við óskir sínar og fái notið þeirrar fjarkipta- og upplýsingatækni á heimili sínu sem í boði er og verður á komandi árum.

Verktakar sem taka að sér lagnavinnu og tengingar hafi staðlaðar kröfur um framkvæmd verksins og frágang lagna.

Efnissalar hafi staðlaða viðmiðun um lágmarksgæði tengiefnis. Stöðluð flokkun íbúða verði tekin upp eftir magni og tegundum fjarskipta- og stýrilagna. Reglur séu til um tæknilegar úrlausnir fjarskiptalagna ef deilur koma upp í viðskiptum.

Eftirtaldir aðilar komu að gerð staðalsins:

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins, Gagnaveita Reykjavíkur, Íkraft, Lota, Míla, Neytendasamtökin, Póst- og fjarskiptastofnun, RÚV, S.Guðjónsson, Síminn, Smith&Norland, Verkís og Vodafone.

Yfirumsjón með verkinu var í höndum fulltrúa SART, Örlygs Jónatanssonar og á hann miklar þakkir skyldar fyrir sitt framlag.

SART fyrirtæki með gæðavottun SI

Áfangaskipt gæðavottun SI, þ.e.a.s. A,B,C og D vottun er aðgengileg aðferð til að bregðast við aukinni samkeppni og hentar þeim sem vilja beita sér til að reka betri og arðvænni fyrirtæki.

Með þessari nýju aðferð er komið til móts við þarfir fjölmargra fyrirtækja samtakanna sem vilja bæta rekstur sinn markvisst, skref fyrir skref. Þótt fyrirtæki kjósi að taka aðeins fyrstu eitt eða tvö þrepin hafa þau þá þegar í mörgum tilvikum gert umtalsverðar úrbætur fyrir sig og viðskiptavinum sína. Afraksturinn kemur fljótlega í ljós með aukinni framleiðni, betri framleiðslu og þjónustu. Fjórtdán SART fyrirtæki hafa nú þegar hlotið D og C vottanir.

Ferilbók

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins hefur í samvinnu við Tækniskólann, Advania og fulltrúa frá SART og RSÍ, unnið að gerð rafrænnar ferilbókar fyrir nema í rafiðnaði. Sú vinna hefur verið unnin með vitneskju Mennta- og menningar- mála ráðuneytis

Ferilbókin verður kynnt nánar síðar á þessum fundi.

Norrænt samstarf

Rafverktakar hafa um áratuga skeið verið í svokölluðu NEPU samstarfi með kollegum sínum á Norðurlöndunum. Fulltrúar samtakanna hittast einu sinni á ári til að ræða málefni er varða greinina s.s. almennt starfsumhverfi fyrirtækjanna, öryggismál, menntamál, eftirmenntun o.s.frv.

Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Finnlandi.

Félagsstarfið

Auk hefðbundinna stjórnar- og félagsfunda var árleg haustferð rafverktaka farin 7. október sl. að frumkvæði FLR. Að þessu sinni fór 30 manna hópur í skoðunarferð til Alvogen í Vatnsmýrinni og fengu leiðsögn um húsið undir stjórn starfsmanna Rafmiðlunar. Góðum degi lauk með kvöldverði á Bryggjunni í boði Johan Rönning.

Í mars s.l. skipulagði SART svo ferð á sýninguna **Light and building** í Frankfurt. Tuttugu og sjö rafverktakar áttu góða daga þýskalandi og er þegar farið að undirbúa ferð á sýninguna 2018.

Dagur rafmagns

Í tilefni af „Degi rafmagns“ sem haldið var uppá í fyrsta sinn hér á landi þann 23. janúar sl. stóðu SART og RSÍ fyrir ráðstefnu sem fékk heitið:

Þekkingin, framtíðin, hvert stefnir ?

Á ráðstefnunni var fjallað um áskoranir og framþróun í flutningskerfi raforku,

	<p>og hvernig fjórða byltingin mun hafa áhrif á störfin okkar. Þá var rætt um veflægan rafvirkja, tæknibyltinguna og framtíð náms.</p> <p>Þótti þessi ráðstefna takast mjög vel og var henni streymt beint út á netinu. Þess má geta að í Verkmenntaskólanum á Akureyri horfðu um áttatíu manns, kennarar og nemendur á rafiðnaðarbraut, á ráðstefnuna saman. Fengum við sérstakar þakkir frá þeim Norðlendingum fyrir útsendinguna.</p> <p>Meistaradeild SI Meistaradeild Samtaka iðnaðarins, MSI, er vettvangur meistarafélaga í byggingariðnaði til að koma saman og ræða sameiginleg hagsmunamál, annar er ekki tilgangur MSI. Í MSI eru 11 meistarafélög í bygginga-greinum. Margvísleg mál koma til kasta MSI þar sem sum rata inn á stjórnarfundum en önnur afgreidd milli funda, en stjórnarmönnum er ávallt haldið upplýstum með tölvupóstum. Í starfsreglum MSI er engin formleg stjórn kosin en stjórnin er skipuð formönnum allra aðildarfélaga eða staðgengli hans. Á fundum MSI er fjallað um mál sem eru viðkomandi „heildinni“ og er lögð áhersla á að það sem fram fer á fundunum skili sér til stjórna og annarra félagsmanna aðildarfélaganna.</p> <p>Málefni MSI eru margvísleg en líklega eru Mannvirkjalög og byggingarreglugerð fyrirferðamest. Þarna er bæði átt við mikilvægi þess að breyta/bæta og að tryggja að túlkun þeirra sé samræmd, en mikill tími fer í að ræða við hin fjölmörgu byggingarfulltrúaembætti varðandi túlkun mannvirkjalaga og reglugerðarinnar.</p> <p>Til að leggja enn frekari áherslu á að einungis ein lög og reglugerð sé í gildi hafa starfsmenn SI verið að standa fyrir fjölmönnum fundum víða um land, og fyrirhugað er að halda því áfram. Þetta hefur verið nauðsynlegt vegna þess að það er gríðarlega mismunandi túlkun á lögum og reglum meðal byggingarfulltrúa, oft talað um að það séu jafn mörg lög og reglur í gildi eins og byggingarfulltrúaembættin eru mörg (það eru 55 starfandi byggingarfulltrúar í 76 embættum).</p> <p>Iðnaðarlög eru meistarafélögunum ofarlega í huga og leggja félögin ofur áherslu á að lögverndun starfa í byggingariðnaði verði ekki afnumin, eða breytt þannig að hver sem er geti gengið í störf iðnaðarmanna. Megin rök félaganna er að þetta hefur með „öryggi og heilsu samborgaranna“ að gera. Ef lög koma til meðferðar Alþingis þá finnst meistarafélögunum mikilvægt að bæta viðurlögum við lagabrotum. Að því leiti eru gildandi lög máttlítil. SI hefur kært tvö fyrirtæki fyrir brot á Iðnaðarlögum og eru þau mál hjá lögreglu nú.</p> <p>Lokaorð formanns.....</p>
<p>3.</p>	<p>Reikningar SART fyrir árið 2016. Ásbjörn R. Jóhannesson las upp reikninga SART og Orlofsheimilasjóðs og útskýrði þá.</p>
<p>4</p>	<p>Umræður um liði 2 og 3. Engar umræður. Fundarstjóri bar upp árrsreikningana og voru þeir samþykktir samhljóða, enginn á móti.</p>

<p>5</p>	<p>Lagabreytingar. Hjörleifur Stefánsson kynnti eftirfarandi tillögu stjórnar SART um breytingu á 21. gr. samþykktar SART svohljóðandi: Aðalfundur SART árið 2017 samþykkir að eftirfarandi málsgrein bætist við 21. grein samþykktar SART:</p> <p>„Tilkynning um framboð til formanns SART skal berast stjórn og/eða formanni SART eigi síðar en 14 dögum fyrir boðaðan aðalfund.“</p> <p>Stuttar umræður urðu um tillöguna en engar breytingatillögur komu fram. Fundarstjóri bar því upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.</p>
<p>6.</p>	<p>Kosning formanns. Í 21.gr. samþykktar SART segir í fjórðu málsgrein: „Hafi formaður setið samfleytt í átta ár má ekki endurkjósa hann fyrir en minnst tvö ár eru liðin frá því hann lét af formennsku“ Þar sem þetta ákvæði á við um sitjandi formann Jens Pétur Jóhannsson, er hann ekki kjörgengur, og gefur hann þar með ekki kost á sér til formannskjors.</p> <p>Hjörleifur Stefánsson hafði lýst yfir framboði sínu til formanns og var tillaga þess efnis borin upp af fundarstjóra. Engar aðrar tillögur komu fram og var hann samþykktur með lófaklappi, enginn á móti.</p> <p>Hjörleifur tók til máls og þakkaði traustið sem honum var sýnt.</p>
<p>7.</p>	<p>Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra. Tillaga var um þá Lárus Andra Jónsson og Arnbjörn Óskarsson sem aðalmenn, og Gunnar H. Sigurðsson og Stefán Albertsson til vara. Ekki voru tillögur um fleiri og voru þeir samþykktir með lófaklappi.</p>
<p>8.</p>	<p>Kaffihlé 10:10 – 10:25</p>
<p>9.</p>	<p>Rafræn ferilbók Ísleifur Árni Jakobsson kynnti verkefnið sem unnið er í samstarfi við SART, RSÍ, Tækniskólann og Advania. Ferilbækur hafa fram til þessa verið gerðar á pappír og hafa ekki komið eins vel út og menn vonuðu. Ferilbók sú sem hér um ræðir verður á rafrænu formi og nemendur geta skráð verkefni í snjallsíma eða tölvu og kennarar/meistarar staðfest vinnu með sama móti.</p> <p>Ferilbókin er ætluð sem verkfæri fyrir nemaleyfisnefndir sem geta þá fylgst með framvindu vinnustaðanáms og getur verið forsenda fyrir því að fyrirtæki haldi nemaleyfi sínu. Einnig getur ferilbókin orðið skilyrði fyrir þátttöku í sveinsprófi og greiðslu úr vinnustaðanámsjóði.</p>
<p>10.</p>	<p>Önnur mál. Fundarstjóri gaf orðið laust.</p> <p>Ólafur Sigurðsson sagði frá stöðu mála varðandi nýlokin sveinspróf.</p>

	<p>Helgi Rafnsson þakkaði Jens Pétri Jóhannssyni og Lárusi A. Jónssyni fyrir vel unnin störf á þágu samtakanna.</p> <p>Gunnar Gunnarsson ræddi málefni veikstraumsins, sjónvarpsmál, loftnet, ljósleiðara og lagnir í húsum. Ræddi samstarf veik- og sterkstraumsins.</p> <p>Hartmann Guðmundsson ræddi vinnustaðanamið og meðgjöf ríkisins með nemunum, sagði að það kerfi væri ekki að virka sem skyldi.</p>
11.	<p>Fundarslit.</p> <p>Fundarstjóri minnti stjórnarmenn á stjórnarfund að loknum aðalfundi. Þá minnti hann menn á ráðstefnuna um rafbílavæðinguna að loknum hádegisverði.</p> <p>Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gaf nýkjörnum formanni, Hjörleifi Stefánssyni orðið, sem sagði síðan fundi slitið kl. 11:20</p>

Ásbjörn R. Jóhannesson, fundarritari.